

5.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn föstudaginn 23.apríl 2021 kl.10:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Björn G. Torfason Melum 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti bað um heimild til að leggja fram eitt mál sem barst eftir að fundargögn voru send út og féllst hreppsnefnd á það og verður það rætt sem mál númer 8.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi;

1. Ársreikningar hreppsins fyrir árið 2020, seinni umræða. Halldóra Pálsdóttir verður með í gegnum síma og þá verður einnig tekin fyrir drög að endurskoðunarskýrslu.
2. Tekin fyrir fundargerð skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps, deiliskipulags v. frístundabyggðar á Dröngum og umsóknar um stöðuleyfi við Norðurfjarðarhöfn.
3. Lögfræðibréf frá Árneshreppi til Jóns Jónssonar lögmanns sveitarfélagsins.
4. Bréf frá Jóni Jónssyni vegna endurskoðunar ársreikninga Árneshrepps.
5. Samningur milli Árneshrepps og Kpmg ehf varðandi endurskoðun ársreikninga, lagt fram til kynningar.
6. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, samningur um styrk. Lagt fram til kynningar.
7. Bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra, lagt fram til kynningar.

1.Ársreikningar Árneshrepps, seinni umræða. Halldóra Pálsdóttir er í símanum og fer yfir m.a. Endurskoðunarskýrslu ársreikninga. Engar athugasemdir voru af gerðar af hálfu hreppsnefndar. Þar með lauk síðari umræðu um Ársreikninga Árneshrepps vegna ársins 2020.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar Árneshrepps sem haldinn var föstudaginn 16. apríl 2021. Fundurinn var fjarfundur og sátu hann Arinbjörn Bernharðsson formaður, Úlfar Eyjólfsson og Guðlaugur Ágústsson, ásamt Þórði Má Sigfússyni skipulagsfulltrúa.

#### **Dagskrá:**

##### **1. Breyting á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025**

*Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 sem felst í breytingu á skilmálum og texta í greinargerð en engar breytingar verða gerðar á uppdrætti. Í greinargerð er gerð breyting á kafla 2.3.5 um Svæði fyrir frístundabyggð/ frístundahús. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. kafla í „Markmið vegna svæða í*

frístundabyggð: Fyrir breytingu er eftirfarandi texti fyrir Markmið vegna svæða fyrir frístundabyggð: „1. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun frístundahúsa sem neinu nemur á svæðum fyrir frístundabyggð (2-3 hús), utan

244.

Ingólfsfjarðar þar sem gert er ráð fyrir allt að 10 nýjum lóðum fyrir frístundahús. Áfram verði lögð áhersla á viðhald gamalla húsa og aðlögunar þeirra.” Með breytingunni verður texti fyrir markmið vegna svæða fyrir frístunadbyggð: „1. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun frístundahúsa sem neinu nemur á svæðum fyrir frístundabyggð (2-3 hús), utan Ingólfsfjarðar þar sem gert er ráð fyrir allt að 10 nýjum lóðum fyrir frístundahús og Dranga þar sem gert er ráð fyrir allt að 14 lóðum fyrir frístundahús. Áfram verði lögð áhersla á viðhald gamalla húsa og aðlögunar þeirra.” Í kafla 2.3.5 um Svæði fyrir frístundabyggð/frístundahús, Landnotkun vegna frístundabyggðar er gerð eftirfarandi breyting á texta fyrir frístundasvæðið FS6:Fyrir breytingu er texti eftirfarandi: “Í landi Dranga Íbúðarhús, eitt frístundahús og x hús. Um 10.00 ha.” Með breytingu verður texti eftirfarandi: “Í landi Dranga Íbúðarhús, tvö frístundahús og 7 skráð útihús. Gert ráð fyrir 14 lóðum, óbyggt. Um 10.00 ha.” Í kafla 5.6.5. Um ferðaþjónustu er gerð eftirfarandi breyting: Fyrir breytingu er texti um grundvöll ferðaþjónustunnar í Arneshreppi: “7. Tjaldsvæði og salernishús er á Dröngum.” Eftir breytingu verður texti eftirfarandi: “7. Tjaldsvæði og salernishús er á Dröngum, um 500 metrum norðan við Húsá. “

Almennur kynningarfundur (opið streymið) vegna skipulagstillögunnar var haldinn 24. mars sl.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að fyrirbyggjandi tillaga um breytingar á greinargerð aðalskipulags Arnshrepps, dags. 18.02.2021 verði samþykkt í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa tillöguna skv. 31. gr. sömu laga. Skipulagsfulltrúa verði falið að senda Skipulagsstofnun skipulagstillöguna til yfirferðar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður auglýst.

Samþykkt.

## 1. Deiliskipulag vegna frístundabyggðar í landi Dranga

Lögð fram tillaga að nýju deiliskipulagi í landi Dranga. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir alls 14 frístundahúsalóðum, 440 m<sup>2</sup> hver en þar af eru tvö núverandi frístundahús. Á hverri lóð er einn byggingarreitur.

Ein frístundahúsalóðin er staðsett í kringum súrheysturn sem verður endurbyggður sem frístundahús. Einnig er gert ráð fyrir að endurbyggja gömlu fjárhúsin í upprunalegri mynd og nýta þau sem sameiginlegt gistirými og samkomustað. Auk þess er gert ráð fyrir

*að endurbyggja og lagfæra hesthús og skemmu sem stendur við gamla bæinn.*

*Almennur kynningarfundur (opið streymið) vegna skipulagstillögunnar var haldinn 24. mars sl.*

245.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að fyrirbyggjandi tillaga og greinargerð verði samþykkt í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að skipulagsfulltrúa verði falið að auglýsa tillöguna skv. 41. gr. sömu laga, samhliða breytingu á aðalskipulagi sama efnis.

Samþykkt.

#### **1. Umsókn um stöðuleyfi**

*Lagt fram erindi frá Finni Ólafssyni er varðar umsókn um stöðuleyfi vegna aðstöðueiningar. Um er að ræða 14,1 m<sup>2</sup> bjálkahús sem áætlað er að nota sem aðstöðuhús yfir strandveiðitímabil vegna aðseturs á svæðinu. Staðsetningin er við hliðina á aðstöðueiningum Strandaferða. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og að byggingarfulltrúa verði falið annast málið.*

Samþykkt.

***Hreppsnefnd yfirfór allt ofanritað og ekki komu fram neinar athugasemdir og fundargerð skipulagsnefndar því samþykkt einróma.***

3. Lögfræðibréf frá Árneshreppi til Jóns Jónssonar lögmanns sveitarfélagsins. Bréfið var lagt fram til kynningar.

4. Bréf frá Jóni Jónssyni vegna endurskoðunar ársreikninga Árneshrepps. Bréfið lagt fram til kynningar og oddviti upplýsti að málið er frágengið.

5. Samningur milli Árneshrepps og Kpmg ehf varðandi endurskoðun ársreikninga, lagt fram til kynningar.

6. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, samningur um styrk. Lagt fram til kynningar. Ákveðið var að fá einn til tvo arkitekta varðandi málið.

7. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, lagt fram til kynningar. Oddviti upplýsti að þegar hefði verið haft samband við Kpmg varðandi málið og munu þau annast að gefa þær upplýsingar sem beðið er um.

8. Kort sem sýnir kröfur ríkisins varðandi þjóðlendur. Hreppsnefnd ræddi málið og ákvað að tala við lögfræðing sveitarfélagsins varðandi þetta mál.

Ákveðið var vegna voranna og fleira að næsti fundur hreppsnefndar verði haldinn 9.júní n.k. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 11:30